

Tilvísun í mál: R19110407

Vegna fyrirspurnar frá íbúaráði Miðborgar og Hlíða: Ónæði vegna einkasamkvæmis á Kjarvalsstöðum.

Í veiðhengi með bréfi þessu eru reglur Listasafns Reykjavíkur vegna útleigu á húsnæði og aðstöðu hjá safninu fyrir viðburði. Þessar reglur lúta að umgengni inni í safnhúsunum en hvað varðar hávaða gildir almennar reglur heilbrigðiseftirlitsins. Starfsmenn safnsins eru ætíð á staðnum til að fylgjast með því að farið sé eftir reglum. Leigutakar geta samið um að setja upp veislutjald við húsin og gilda sömu reglum um þau. Þetta átti við um föstudagskvöldið 4. október 2019. Starfsmaður safnsins tók á móti lögreglu þegar hún kom á staðinn rétt fyrir miðnætti og var þá strax lækkað í tónlist og stuttu síðar tjaldinu lokað. Starfsmenn safnsins voru síðastir út úr húsinu og urðu ekki varir við aðrar heimsóknir lögreglu. Við hörmum það að ónæði hafi hlotist af þessari samkomu umfram aðrar á Kjarvalsstöðum og leggjum okkur fram um að það gerist ekki aftur.

Okkur hér á Listasafni Reykjavíkur er mikið í mun að eiga í góðu samstarfi við nágretta safnhúsanna og fara eftir þeim reglum sem almennt gilda um umgengni og þeim leyfum sem opinberir aðilar veita fyrir samkomum.

Ég vona að þetta svari fyrirspurn íbúaráðs og ítreka að við munum hér eftir sem hingað til leggja okkur fram við koma í veg fyrir að ónæði hljóti af útleigum.

Virðingarfyllt,

Ólöf Kristín Sigurðardóttir
Safnstjóri

Director

Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Art Museum